

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 4. apríl 2013 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-96/2012:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 16. nóvember sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á bifreið, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst riftunar á kaupunum og að auki að seljandi greiði sér áfallinn kostnað vegna viðgerða á bifreiðinni.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 23. nóvember sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og frest til þess að skila þeim til 7. desember. Engin andsvör bárust. Hinn 2. desember barst kæruneftndinni tölvubréf frá álitsbeiðanda með ljósmyndum af undirvagni umræddrar bifreiðar. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 3. apríl sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og þeim gögnum sem henni fylgdu kemur fram að álitsbeiðandi keypti bifreiðina XX-000 af seljanda hinn 3. september sl. fyrir kr. 1.000.000. Er bifreiðin af gerðinni Nissan Terrano II, árgerð 2000, fyrst skráð 16. febrúar 2000 og var hafði bifreiðinni verið ekið 150.000 km á kaupdegi. Er álitsbeiðandi skráður umráðamaður bifreiðarinnar, en eigandi hennar er eiginkona álitsbeiðanda. Fram kemur að eftir kaupin hafi álitsbeiðandi tekið við bifreiðinni við Hreðavatnsskála í Hrutafirði og ekið henni þaðan í norðurátt. Eftir viðkomu í Staðarskála hafi bifreiðin ekki farið í gang fyrr en eftir töluvert umstang og því hafi álitsbeiðandi ekki komist heim til sín í Varmahlíð á bifreiðinni fyrr en mjög seint þennan dag. Daginn eftir hafði álitsbeiðandi samband við bifreiðasölu þá er hafði milligöngu um kaupin og gerði bifreiðasala grein fyrir því að bifreiðin væri ekki í lagi. Segir álitsbeiðandi að þar sem hann hafi þurft að halda til vinnu, en hann er sjómaður, hafi hann ekkert aðhafst frekar í málinu að svo stöddu, en tjáð bifreiðasalanum að hann yrði í sambandi vegna bifreiðarinnar þegar hann kæmi aftur í land um tveimur vikum síðar. Á meðan álitsbeiðandi var á sjónum hafi komið í ljós að bifreiðin lak olú og var því afráðið að nota hana ekki. Hinn 17. september, eða um tveimur vikum eftir kaupin kom álitsbeiðandi aftur í land. Hafði hann þá samband við bifreiðasalann og tjáði honum að til stæði að skoða hvað væri að bifreiðinni. Fljótlega hafi komið í ljós að olúlekinn kom frá eldsneytisólulögn sem liggur frá olúgeymi og fram að vél og var lögnin, sem er stálrör, ryðguð í sundur. Þetta reyndist síðan vera ástæðan fyrir erfiðleikum við að gangsetja bifreiðina. Svo hægt væri að gera við rörið þurfti að taka olúgeyminn undan bifreiðinni. Þegar það hafði verið gert komi í ljós að undirvagn bifreiðarinnar var illa haldinn af ryði og ástand bifreiðarinnar mun verra en útlit hennar benti til. Þegar þetta hafi komið í ljós hafði álitsbeiðandi á ný samband við bifreiðasöluna sem aftur kom honum í samband við seljanda. Tjáði álitsbeiðandi seljanda að hann óskaði eftir því að kaupunum yrði rift. Féllst seljandi ekki á þá kröfu. Hafði álitsbeiðandi þá samband við F.Í.B. Þar var honum ráðlagt að láta skoða bifreiðina af bifvélavirkja. Það gerði álitsbeiðandi og voru myndir teknir af ryði á undirvagni bifreiðarinnar og á fleiri stöðum. Segir álitsbeiðandi

að bifvélavirkinn hafi lýst furðu sinni á að bifreiðin hefði yfirleitt fengið skoðun í því ástandi sem hún var. Það sé þó samdóma álit þeirra sem hafi skoðað bifreiðina að hún leyni göllum vel þar sem hún líti vel út að utan.

Sem fyrr segir gerir álitsbeiðandi þá kröfu að kaupunum verði rift og að seljanda verði gert að greiða sér áfallinn kostnað vegna viðgerða á bifreiðinni.

Meðfylgjandi álitsbeiðni var kaupsamningur og afsal, dags. 3. september sl., staðfesting á skoðun bifreiðaverkstæðis á bifreiðinni, nefnd söluskoðun, dags. 6. nóvember sl. ásamt myndum af bifreiðinni og undirvagni hennar. Í áður nefndri söluskoðun kemur m.a. fram að smurbók hafi ekki fundist, stefnuljós á vinstra frambretti lýsi ekki, slag sé komið í báða enda millibilsstangar og nauðsynlegt sé að skipta um hana, mikið ryð sé komið í undirvagn og sílsa, lítið sé eftir af bremsum að framan, diskar lélegir og innan við fjórðungur eftir af klossum, slag komið í hjólalegur beggja vegna að framan og illa sé gengið frá opi á hvalbak farþega megin og því komi veghljóð inn í bifreiðina með gatinu.

IV

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Seljandi hefur ekki sent kærunefndinni andsvör og verður að því er atvik málsins varðar að byggja á því sem kemur fram í þeim gögnum sem álitsbeiðandi hefur sent nefndinni.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina XX-000 hinn 3. september 2012 fyrir kr. 1.000.000. Bifreiðin er árgerð 2000 og fyrsti skráningardagur hennar 16. febrúar 2000. Bifreiðin var því rúmlega 12 ára og 6 mánaða á kaupdegi og hafði verið ekið 150.000 km þegar kaupin fóru fram samkvæmt því sem kemur fram í kaupsamningi og afsali.

Í kaupsamningi og afsali fyrir umþrættri bifreið, dags. 3. september 2012, segir m.a. eftirfarandi:

„Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum“

Samkvæmt þessum ákvæðum kaupsamningsins falla kaupin á bifreið álitsbeiðanda undir 17. gr. neytendakaupalaga sem nær til sölu hlutar „í því ástandi sem hann er“ og sölu hluta á uppboði. Sala á notuðum hlutum fellur því alla jafna undir þessi lagaákvæði. Í 1. mgr. 17. gr. segir m.a.:

„Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;

Samkvæmt ákvæðum 16. gr. laganna telst söluhlutur vera gallaður ef m.a. svo hagar sem segir í b- og c-liðum 1. mgr., en þar segir:

„b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um,

enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin;

c. hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin;“

Í 3. mgr. 16. gr. segir að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð. Þetta ákvæði laganna leggur kaupanda á herðar ákveðna skyldu til þess að skoða söluhlut áður en kaup fara fram.

Í kaupsamningi og afsali kemur fram að álitsbeiðandi staðfestir að seljandi hafi vakið athygli hans á því að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins. Ekkert kemur fram í skjölum málsins að álitsbeiðandi hafi gert það. Að mati kæruneðndarinnar hefði skoðun á bifreiðinni átt að leiða í ljós einhver af þeim atriðum sem, skv. skoðun verkstæðis, ama að henni og má þar nefna óvirkt stefnuljós, ryð í sílsum o.fl. Að mati kæruneðndarinnar hefði einnig að einhverju marki mátt sjá við venjulega skoðun á bifreiðinni við kaupin að undirvagn hennar var ryðgaður. Kæruneðndin telur hins vegar ekki, að álitsbeiðandi hefði við venjulega skoðun mátt gera sér grein fyrir því hve illa undirvagn bifreiðarinnar er farinn af ryði. Það athugast einnig að bifreiðin fékk skoðun hinn 8. maí 2012, tæpum fjórum mánuðum fyrir kaupin. Að mati kæruneðndarinnar verður það að teljast með ólíkindum miðað við ryð í burðarbitum, ástand á millibilsstöng stýrisbúnaðar, hjólalegna að framan ásamt lekamengun, að bifreiðin hafi fengist skoðuð af fagaðila og metin ökuhæf. Þá vekur það athygli kæruneðndarinnar að kaupverð bifreiðarinnar er miklum mun hærra en gangverð bifreiða sömu gerðar, af sömu árgerð og svipað mikið eknar. Er það því mat kæruneðndarinnar að bifreiðin hafi verið í mun verra ástandi en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Þá telur kæruneðndin ólíklegt að seljandi hafi ekki orðið var við gangtruflanir í bifreiðinni áður en hann afhenti hana til álitsbeiðanda við Hreðavatnsskála skömmu eftir að kaupin fóru fram og hefði seljanda borið skylda til að tilkynna álitsbeiðanda um gangtruflanirnar sbr. b-lið 1. mgr. 16. gr. laganna. Fellst kæruneðndin því á að umrædd bifreið hafi, þegar kaupin fóru fram, verið haldið galla í skilningi 1. mgr. 17. gr. laganna.

Getur kaupandi því gripið til vanefndarúrræða skv. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 48/2003 en þar segir m.a. að seljandi geti krafist riftunar kaupanna samkvæmt ákvæðum 32. gr. laganna, en kaupandi hefur gert slíka kröfu. Til að fallist verði á riftun verður vanefnd að vera veruleg.

Í samræmi við það sem að ofan er rakið álitur kæruneðndin að umrædda galla á bifreiðinni verði að meta til verulegra vanefnda, þ.e. að gallinn sé verulegur, sbr. 32. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup, og því beri að fallast á riftunarkröfu álitsbeiðanda.

V

Álitsorð

Fallist er á að álitsbeiðandi, X, megi rifta kaupum á bifreiðinni XX-000.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir